

AUGLÝSING

um deiliskipulag, Fossárvirkjun ásamt umhverfisskýrslu, Ísafirði, Ísafjarðarbæ.

Á fundi bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 6. júní 2013 var samþykkt deiliskipulag ásamt umhverfisskýrslu af svæðinu Fossárvirkjun, Ísafjarðarbæ.

Deiliskipulagið hefur hlutið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um.

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir fjórum lóðum, þar af eru þrjár lóðir fyrir núverandi byggingar, þ.e. stöðvarhús, bílskúr og sumarhús. Ný lóð og byggingarreitur eru skilgreind fyrir nýtt stöðvarhús u.þ.b. 550 m neðan við núverandi stöðvarhús, vestan Langár.

Stöðvarhús á lóð C er allt að 160 m². Húsið skal vera lágreist og falla vel að náttúrulegu umhverfi og mannvirkjum í nágrenninu.

Heimilt er að endurbæta byggingar á lóðum A, B og D. Ekki er gert ráð fyrir breyttri nýtingu sumarhúss á lóð B eða bílskúr á lóð D. Gert er ráð fyrir afar lítilli viðveru í öllum byggingum á svæðinu, líkt og verið hefur hingað til.

Gert er ráð fyrir nýrrri þrýstivatnspípu frá Fossavatni að stöðvarhúsi á lóð C, heildarlengd þrýstivatnspípunar er allt að 2.500 m en núverandi þrýstivatnspípa er um 1.800 m löng.

Engin breyting verður á miðlunarloni eða stíflu og tengdum mannvirkjum. Heildarafl hennar fer úr 597 kW í 1173 kW.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Ísafirði, 27. júní 2013.

Jóhann B. Helgason,
sviðsstjóri framkvæmda- og eignasviðs.

B-deild – Útgáfud.: 28. júní 2013